

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Alcoa-Fjarðarál Reyðarfirði Reyðarfjörður



<b>Dags eftirlits</b>	18.11.2014	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigríður Kristjánsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Alcoa-Fjarðarál Reyðarfirði	<b>Fulltrúi UST</b>	Eva Dögg Kristinsdóttir
<b>Heimili</b>	Hrauni 1	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið seinna eftirlit
<b>Kennitala</b>	5203034210	<b>Flokkur</b>	Ál
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Guðmundur Sveinsson Kröyer	<b>ÍSAT nr.</b>	24.42.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Geir Sigurpáll Hlöðversson, Dagný Brynjarsdóttir	<b>Staðsetning</b>	729651,982 512054,012

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik eða athugasemdir eru gerðar við starfsseminna.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir móttöku súrals og flúors, löndun þess og eftirlit með löndun. Löndunarbúnaður var skoðaður, löndunarkrani og færiband og gengið upp á súralstanka. Þá var rætt um ryksafnara við löndunarbúnað, sýnatökur og niðurstöður þeirra. Mælingar í ryksöfnunrum eru gerðar skv. mæliáætlun á 4 ára fresti, haldið er utan um niðurstöður í innra eftirlitskerfi og hafa þær allar verið innan marka (50 mg/m<sup>3</sup>). Verklagsreglur eru til staðar um löndun og er þá tekið tillit til vinds og úrkomu. Þrengri mörk gilda við löndun álflúoríðs en súrals.

Rætt var um eftirlit með innihaldi brennisteins í súrali en tekin eru sýni úr förmum sem berast. Haldið er utan um niðurstöður í innra eftirliti. Niðurstöður hafa verið innan marka.

Í síðasta eftirliti var gerð athugasemd um reyklosun frá umhellingu raflausnar á skautlager og óskað eftir niðurstöðum útblástursmælinga af skautlagernum m.t.t. ryks og flúors. Rekstraraðili kynnti verkefni varðandi skráningu á hellingu raflausnar og mælingar sem gerðar hafa verið, en ekki er alltaf samsvörun milli magn ryks/flúors og hellinga. Áfram verður haldið að safna mæligögnum til að meta flúorlosun af skautlager en núverandi mat er að um sé að ræða flúorlosun sem sé um 1% af heildarlosun.

Rætt var um kvörtun sem barst frá starfsmanni vegna mikils ryks sem kemur fram við umhellingu raflausnar á skautlager inn í önnur nærliggjandi rými. Reynt hefur verið að bæta úr þessu með því að auka samskipti milli bygginga til að fyrirbyggja að þetta gerist. Þá er skilyrt að starfsmenn hafi rykgrímur þegar umhellingar eiga sér stað. Þá hefur verið unnið að því að þetta milli bygginga.

Farið var yfir útsendar ársfjórðungsskýrslur og niðurstöður mælinga sem borist hafa síðan í síðasta eftirliti. Niðurstöður hafa verið innan marka starfsleyfis. Fleiri mælingar hafa verið gerðar í frárennsli frá tjörn heldur en skilyrt er í vöktunaráætlun, stafar það af óvenju háum gildum sem fram komu í mælingum í október. Slík gildi hafa ekki komið fram aftur.

Niðurstöður vöktunar í grasi og heyi hafa borist Umhverfisstofnun. Meðaltal flúormælinga í grasi utan þynningarsvæðis er 30,8 ug/g. Viðmiðunarmörk fyrir flúor í grasi, m.v. heilfóðrun er 30-50 ug/g eftir því hvort um mjólkandi fé sé að ræða eða ekki. Ekki er talið að hætta sé til staðar fyrir sauðfé en áfram verður fylgst vel með.

Einnig hafa borist niðurstöður vöktunar á heyi, reyndust allar mælingar vera undir ofangreindum viðmiðunarmörkum eða á bilinu 3-25 ug/g.

Rætt var um innra eftirlit og utanumhald um bilanir og annað er tengist mengunarvarnarbúnaði. Fylgst er með og skráð virkni búnaðar og reglulegt viðhald er fyrirskrifað í verkferlum. Kvörðun mengunarvarnarbúnaðar fer fram með reglubundnum hætti. Öll gögn eru skráð í gagnagrunna.


Farið var yfir viðbragðsáætlun og áhættumat. Trygging er í gildi til 31.05.2015. Öryggisskýrsla var uppfærð í vor og kynnt fyrir verktökum, slökkviliði og nágrönnum. Skýrslan er aðgengileg á vef Alcoa.

## ANNAÐ

Rætt var um fundargerð samráðsfundar frá því í vor. Fundargestir hafa ekki sent athugasemdir.

Umhverfisstofnun mun fara yfir og senda sínar athugasemdir.

Reykjavík, 29.12.2014



Sigríður Kristjánsdóttir

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.